

2. Rekstur hjúkrunarheimilis sbr. gr. 24.1.4. laga nr. 97/1990 og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 82/1989, og fæðingardeildar sbr. gr. 24.1.3. sömu laga.
3. Rekstur Dvalarheimilisins Skjólgarðs, sbr. IV. kafla laga nr. 82/1989.
4. Rekstur heimaþjónustu og dagvistar aldraðra, sbr. III. og IV. kafla laga nr. 82/1989.
5. Skrifstofuhald vegna stjórnar og rekstrar á vegum heilbrigðis- og öldrunarráðs Austur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Með heimild í 15. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, gegnir heilbrigðis- og öldrunarráð Austur-Skaftafellssýslu á samningstímabili hlutverki stjórnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss sbr. 21. og 30. gr. laga nr. 97/1990, og hlutverki öldrunarnefndar sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

4. gr.

Samþykkt þessi er sett og staðfest skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, sbr. samning Hornafjarðarbæjar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 22. desember 1995, sem liggur frammi á bæjarskrifstofu Hornafjarðarbæjar, Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 1996 og gildir til og með 31. desember 1999 en skal þó tekin til endurskoðunar ef gerðar verða breytingar á samningi Hornafjarðarbæjar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 22. desember 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um umferðaröryggisgjald.

1. gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 200 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

2. gr.

Þeir sem heimild hafa til að annast almenna skoðun (aðalskoðun) ökutækja skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skoðunar um leið og innheimt er gjald fyrir skoðun hverju sinni.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., skráningarstofa, annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skráninga um leið og innheimt er gjald fyrir skráningu hverju sinni.

3. gr.

Þeir sem innheimta umferðaröryggisgjald skulu skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 147 28. desember 1995, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um umferðaröryggisgjald, nr. 6 9. janúar 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku
fóðurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa.**

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar:

Í stað tölunnar 130 komi 160, í stað tölunnar 850 komi 1050 og í stað tölunnar 290 komi 150.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. desember 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 15/1995 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1995.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 36, 2. apríl 1991, um breyting á þeirri grein, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1995 og nemur hann 1,0321 miðað við 1,0000 á árinu 1994.

Reykjavík, 21. desember 1995.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.